



## 10. stjórnarfundur LH 12. desember 2013

Haldinn í húsakynnum ÍSÍ

**Mættir aðalmenn:** *Haraldur Þórarinnsson, Sigurður Ævarsson, Andrea Þorvaldsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Erla Guðný Gylfadóttir.*

**Varamenn:** *Helga Björg Helgadóttir, Stefán Gunnar Ármannsson, Sigurður Örn Ágústsson*

### 1. Fundaáætlun stjórnar 2014

Lögð var fram fundaáætlun stjórnar fyrir árið 2014. Eftirfarandi skipulag var samþykkt, að ef fundur verður ekki á tilsettum tíma, verði honum ekki frestað heldur falli hann niður og næsti fundur verður skv. dagskrá. Ef ræða þarf mikilvæg málefni, þá verði haldinn símafundur með aðalstjórn. Skrifstofa sendir samþykktu fundaáætlun á alla stjórnarmenn (Outlook).

### 2. Æskulýðs- og nýliðunarmál

Menntamálaráðuneytið hefur boðist til þess að koma að verkefninu með LH, þ.e. að skoða og kanna ástæðu lítillar nýliðunar í hestamennsku. Samþykkt var að fá Viðar Halldórsson félagsfræðing til að vinna könnun er varðar málefnið ásamt því að fá innlegg frá æskulýðsfulltrúunum aðildarfélaga sambandsins. Póstur þess efnis var sendur á alla æskulýðsfulltrúa þann 14.11.2013 þar sem óskað var eftir þeirra innleggi í verkefnið. Einungis þrjú aðildarfélög sendu svör til baka og þakkar stjórn þeim sýndan áhuga.

### 3. Aflestur örmerkja hrossa í keppni

Á síðasta landsþingi var samþykkt að öll hross er keppa á löglegum mótum væru staðfest með lestri örmerkja þeirra. Stjórn samþykkti á fundinum að herða mjög á kynningu reglunnar. Vísar stjórn til laga nr. 8.1.1 um löglega hesta í keppni. „Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni. Athugið: Það er mótshaldara að fylgjast með að þessari reglu sé framfylgt. Hafi knapi hunsað regluna og lokið keppni skal dæma knapann úr keppni í þeirri grein.“ Örmerki eru komin á fótaskoðunarblöð móta.

### 4. Skýrsla landsliðsnefndar v/HM 2013

Sigurður Sæmundsson og Bjarnleifur Bjarnleifsson kynntu drög að skýrslu sem liggur fyrir fundinum. Góð og mikil umræða um skýrsluna fór fram. Eftir langt og mikið starf í landsliðsnefnd, tilkynntu þeir Sigurður og Bjarnleifur um starfslok sín í nefndinni í samvinnu við formann LH. Voru þeim þökkúð vel unnin störf í gegnum árin og voru þeir kvaddir með þeim orðum.

### 5. Aðalfundur FEIF í febrúar í Reykjavík – staða mála

Nefnd var skipuð af stjórn LH til að sjá um hestatengda afþreyingu fyrir gesti fundarins. Sú vinna er í góðum farvegi og í nefndinni sitja Sigurður Ævarsson, Erla Guðný Gylfadóttir og Þorvarður Helgason.



6. **Sóttvarnamál**

HP óskar eftir leyfi stjórnar til að skrifa yfirdýralækni bréf þess efnis að skerpt verði á sóttvörnum.

7. **Önnur mál**

- a. **Sportfengur – gjaldtaka:** OH kynnti bréf sem sent verður með reikningi til allra aðildarféлага LH, en samþykkt stjórnar vegna kostnaðar féлага við skráningar og mótakerfi hestamanna, lá fyrir frá því á stjórnarfundi 9. júlí 2013. Bréf samþykkt með þeim skilyrðum að afgangur sem myndast í sjóði LH vegna þessa verði haldið til haga til þess að standa straum af áframhaldandi þróun mótakerfa fyrir hestamenn.
- b. **Reiðvegamál:** Stjórn mun halda fund með samgöngunefnd LH vegna úthlutana 2013.

*Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.  
Fundarritari: Hilda Karen Garðarsdóttir*